

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2005

frá 8. júlí 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 78/2005 frá 19. janúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar þungmálma ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/4/EB frá 19. janúar 2005 um breytingu á tilskipun 2001/22/EB um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni blýs, kadmíums, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2005 frá 26. janúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar okratoxín A ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zj (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB):
„- **32005 L 0004**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/4/EB frá 19. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 50).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 50.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 3.

- „- **32005 R 0078**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 78/2005 frá 19. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 43),
- **32005 R 0123**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2005 frá 26. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 3).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzs (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/10/EB):

„54zzt. **32004 R 1935**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).“

4. Texti 24. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/590/EBE) og 48. liðar (tilskipun ráðsins 89/109/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1935/2004, 78/2005 og 123/2005 og tilskipunar 2005/4/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.